



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 19. september 2007

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í húsnæði Vegagerðarinnar í Búðardal
19. september 2007.

Mættir: Valberg, Eyþór, Svala, Guðbjörn, Viðar og Þórður.

Eyþór setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Guðbjörn Guðmundsson á sinn 1. stjórnarfund en hann situr fundinn í stað Erlings Kristinssonar.

1. Reiðhallarmálið.
Dalabyggð hefur samþykkt að veita styrk til byggingarinnar að upphæð kr. 10.000.000 og að auki fyrirframgreiðslu á tímum í húsinu að upphæð kr. 2.000.000. Þreifingar hafa átt sér stað gagnvart Landbúnaðarráðuneytinu og unnið er að því að fá fund þar.
2. Deiliskipulag hesthúsasvæðis í Búðardal.
Rætt um staðsetningu reiðhalla og gerð tillaga að breytingu á núgildandi deiliskipulagi. Tillagan verður send skipulagsyfirvöldum.
3. Mótin.
Umræða um mót liðins sumars.
4. Reiðvegamál.
Úthlutun á reiðvegafé fór fram nýlega. Glaður fékk 500.000 en átti líka inni 800.000. Ýmsar framkvæmdir ræddar.
5. Árshátíðin.
Rætt um tímasetningu o.fl. Skemmtinefndin verður sett í gang á næstunni.
6. Formannafundur LH.
Fundurinn verður haldinn 9. nóvember.

Fleira ekki rætt,

Þórður Ingólfsson (sign)
Valberg Sigfússon (sign)
Viðar Þór Ólafsson (sign)
Eyþór J. Gíslason (sign)
Svala Svavarsdóttir (sign)
Guðbjörn Guðmundsson (sign)